

**Ábendingar frá Umhverfisnefnd
Ferðaklúbbsins 4x4 vegna skjals frá
Starfshópi um friðlýst svæði sem er til
umsagnar í Samráðsgátt.**



Við erum efnislega sammála flestu sem kemur fram í skjalinu en söknum þess að einungis stefnumiðin eftir vinnu hópsins verði lögð fram til samráðs en ekki öll skýrslan eins og við töldum að hafi staðið til í upphafi.

Við minnum á að stór hluti þjóðarinnar býr ekki á nær svæðum friðlýstra svæða en þessi hópur er eigandi að friðlýstum svæðum og þjóðlendum til jafns við þá sem búa á nær svæðum og er þar í meirihluta ef horft er til höfðatölu. Stór hluti þeirra Íslendinga sem njóta friðlýstra svæða kemur ekki af “nær svæðunum” heldur úr þéttbýli og öðrum byggðum fjarri friðlýstu svæðunum. Við viljum ekki gera lítið úr mikilvægi þessa sem búa nærri friðlýstum svæðum en teljum nauðsynlegt að allur almenningur, eða frjáls félagasamtök fyrir þeirra hönd, verði höfð með í ráðum varðandi ákvarðanir um nýtingu þeirra og verndun.

Við bendum í þessu sambandi á eftirfarandi:

1. Uppbygging innviða á friðlýstum svæðum.

“Vinna þarf að langtímaáætlun í samvinnu við sveitarfélögin

Mikilvægt er að horft verði til fleiri en sveitarfélaga varðandi þátttöku í uppbyggingu og viðhaldi innviða. Bendum sem dæmi á áratuga farsæla umsjón Ferðafélags Austurlands með stóru svæði við Kverfjöll og uppbyggingu innviða þar. Teljum rétt að bæta “frjálsum félagasamtökum” við í upptalninguna.

2. Aðkoma nær samfélaga

“Styrkja þarf tengsl við heimamenn og sveitarfélög

Sama ábending og við lið 1.

3. Vegskrá um vegi í náttúru Íslands og akstur utan vega.

“Mikilvægt er að gera átak í því að sveitarfélög leggi, í samráði við viðeigandi stofnanir, fram tillögu um ökuleiðir í náttúru Íslands, m.a. friðlýstra svæða

Svipuð ábending og við liði 1 og 2. Tryggja þarf aðkomu almennings gegnum frjáls félagasamtök. Nauðsynlegt er að nefna það samhlíða “viðeigandi stofnunum” í þessum texta.

4. Almennaréttur

Við teljum nauðsynlegt að bæta hér við stefnumiði sem undirstriki vilja um að hefðbundin nýting, þar með talið að ferðavenjur og ferðaleiðir almennings, verði varðveitt á friðlýstum svæðum nema þar sem sérstök þörf er á breytingum vegna rökstudds álags á náttúru.



Að lokum lýsum við yfir ánægju með að verið er að skoða þessi málefni og vonum að þeirri vinnu verði haldið áfram þannig að framtíð friðlýstra svæða ráðist af upplýstum ákvörðunum. Við bjóðum fram aðstoð okkar við framhald þeirrar vinnu.

Reykjavík 19.10.2022

Þórarinn Garðarsson

Ph. Umhverfisstofndar Ferðaklúbbsins 4x4
Þórarinn Garðarsson formaður